

RAFORKUMÁLASTJÓRI  
Jarðboranir ríkisins

ORKUSTOFNUN  
MÁLASAFN

454

433,5

5-7

i hillu

/



UM JARÐVATN Á MIÐNESI

Greinargerö  
eftir  
Porleif Einarsson

UM JARDVATN Á MIDNESI

(Stutt greinargerð)

I.

Svaðið, sem hér er rætt um nefnist Miðnes (Rosmhvalanes) og takmarkast þannig: Það er allur skaginn norðan frá Garðskaga og suður til línu, sem hugsast dregin frá Njarðvík og til vogs þess, sem er á milli Hafna- og Miðneshrepps og Ósar heitir.

Að landslagi til er skaginn láglend en flöng bunga og er fremur lítið um mishæðir. Hæst er Háaleiti, 61 m y.s. Gróðurfarslega er skaginn með sínum strjála gróðri einna líkastur heiðarfláka.

Á Keflavíkurflugvelli er meðalársúrkoma 961,4 mm og meðalhití ársins 4,4 °C.

II.

Um jarðfræði skagans mætti taka eftirfarandi fram í stuttu máli. Elzta þeng skagans er að finna í Hólmsbergi við Keflavík. Er það leirsteinn (með skeljum, er benda til kalds loftlags), sandsteinn og molaberg (jökulberg) (sbr. G.K.). Er þar að öllum líkindum um ísaldarmyndun að rsða (frá næstsíðasta jökluskeiði?). Annars er skaginn nær eingöngu byggður upp úr grágrytishraunlögum, er hallar aðeins til VNV. Þykkt laganna er misjöfn, svo sem oft er um hraunlög, oftast 2-10 m. Á milli hraunlaganna er fátt millilaga, þó sjást á stöku stað þunnur linsur af sandsteini mjög blönduðum gosösku. Er hér líklega um foksand að rsða. Á móturnum hraunlaganna ber mikið á gjalli (bruna), sem náið getur a.m.k. 5 m þykkt (t.d. í Hrafnkelsstaðabergi), þó eru gjalllögin oftast þynnri og stundum vantar þau alveg. Engar getur skulu að því leiddar hvaðan grágrytishraun þessi eru upprunnin. Að aldri til gæti grágrytið verið frá síðasta hlýviðriskeiði ísaldarinnar (interglazial).

Grágrytið virðist vera jöklusorfið (klappir með hvalbaksformi), samt finnast engar jökulrákir eða grópir á klöppum, sem skaga upp úr jarðvegi, svo að ég sei. En Guðmundur Kjartansson hefir fundið jökulrákir á tveim stöðum á skaganum (á botni malargryfju og undir fokbarði), en annars hefur veðrunin mál burtu öll vegsummerki ísaldarjöklisins. Ekki mun jöklullinn hafa legið lengi á skaganum, því að holrúm og glufur grágrytisins eru nær ekkið þéttuð leir, eins og raunin er t.d. með Reykjavíkurgrágrytið. Jökulruðningur sést hvergi ofan á grágrytinu.

Merki haðri sjávarstöðu eru mjög óglögg og alls ekki örugg. Þó má stla að möl sú og sandur, sem viða er að finna á skaganum austanverðum, sé leifar frá haðri sjávarstöðu.

Viða sér merki þess, að skaginn er að sifgafi sjó. Þaði er um stórkostlegt landbrot að ræða og einnig sér merki þess, að malarkambar eru að ganga inn á landið, t.d. í Garðinum. Fjörumó hefi ég ekki fundið, enda eru ekki til á skaganum myrar í eiginlegri merkingu, en ástæðan til þessa myraleydis er einmitt staða jarðvatnsins.

Misgengi og gangar virðast ekki vera til f Berggrunni skagans. Til þessa sést hvorki í landslagi né í sjávarklettum, en þar myndi auðveldast að sjá slíkt ef til væri.

Að göngum mínum um malarkamba skagans fann ég nokkuð af grjóti, sem ekki er af íslenzkum uppruna, svo að vitað sé. Meðal bergtegunda, sem fundið hafa, eru m.a. granít, gneis, kvarzit og sandsteinn (kvarz- og feldspat-sandsteinn). Hvernig á þessum útlendu steinum stendur, eða hvernig þeir hafa borist til landsins má skýra á prennan hátt:

- 1) Grjótið gæti verið komið af núverandi hafsbotni og borið upp á skagann af skriðjökli og væri þá af íslenzkum uppruna.
- 2) Hér gæti verið um ballest úr skipum að ræða, sem farizt hafa við Garðskaga.
- 3) Grjótið gæti verið af grænlenzkum uppruna og borið af haffis.

Til að skera úr um það, hver þessara tilgátna sé líklegust þarf nánari rannsókn.

### III.

Um jarðvatn almennt:


Regn eða úrkoma, sem fellur á land, á um þrjár undankomuleiðir að velja.

- 1) Úrkomuvatnið rennur til sjávar á yfirborði sem ár og laukir.
- 2) Vatnið safnast í tjarnir og polla og gufar síðan upp eða rennur burt ofan jarðar eða neðan sem ár eða jarðvatn.
- 3) Vatnið sígur beint niður í jarðveginn.

Hluta af vatni því, sem sígur eða seytlar niður um jarðveginn taka jurtirnar til sín og gufar það upp. Meginhluti vatnsins seytlar þó niður f Berggrunnum og myndar hið svonefnda jarðvatn. Það fer einkum eftir loftslagi og gleypni jarðlaganna á hverjum stað, hversu stórt hvert þessara atriða er. Um Miðnes má segja að nar allt

úrkomuvatnið seytli niður og streymi burt sem jarðvatn.

Neðan vissra marka er allt holött og sprungið berg algerlega mettað vatni. Yfirborð pessa jarðvatnsmettaða bergs nefnist jarðvatnsyfirborð eða jarðvatnsflötur. Jarðvatnsflöturinn fylgir nokkurn veginn landslaginu. Þannig stendur jarðvatnið herra í hólum og haðum heldur en í lagónum í kring. Þessi haðarmismunur jarðvatnsins er einkum háður gleypni bergsins. Jarðvatnið rennur nær ávallt undan brekku, en þó er frá peirri reglu sú undantekning, að skiftist á vatnsheld og gleypin jarðlög og halli, þá streymir jarðvatnið í hallastefnu jarðlaganna. Annars streymir jarðvatnið yfirleitt alltaf þvert á haðarlfínurnar.



Hugsaður þverskurður, er syndi stöðu jarðvatnsins, líti t.d. þannig út, (sjá mynd). A) Bergrakasvaðið er yfirleitt aldrei mettað vatni, en úrkomuvatn seytlar um það í lööréttu stefnu. Það er hárpípkraftur bergsins sem heldur bergrakanum nokkuð jöfnum. B) Jarðvatnssvaðið, þar eru allzglufur bergsins fylltar vatni. Efri takmörk þessa svæðis er jarðvatnsflöturinn. A) Bergrakasvaðið er yfirleitt aldrei mettað vatni, en úrkomuvatn seytlar um það í lööréttu stefnu. Það er hárpípkraftur bergsins sem heldur bergrakanum nokkuð jöfnum. B) Jarðvatnssvaðið, þar eru allzglufur bergsins fylltar vatni. Efri takmörk þessa svæðis er jarðvatnsflöturinn.

Um neðri takmörk þessa svæðis er erfitt að segja. Fara þau mikil eftir jarðfræði hvers staðar fyrir sig og þó einkum eftir gleypni berggrunnsins. Almennt mun talið, að svæði petta nái 1-2000 m dýpt, en þar fyrir neðan séu allar glufur berggrunnsins lokaðar sökum prýstings jarðlaga peirra, er ofan á liggja.

Mestur er straumhraði eða rennsli jarðvatnsins þar sem holrými og glufur bergsins eru stór og í nánum tengslum. Einnig geymir slíkt berg vel jarðvatn og gefur það auðveldlega af sér.

Þar sem jarðvatnsflötur og yfirborð jarðar skerast, myndast lindir eða uppsprettur. Þær geta verið með ýmsu móti.

Um árstíðabundnar sveiflur jarðvatnsflatarins hér á landi er lítið vitað eins og yfirleitt um jarðvatnið.

#### IV.

Borað hefur verið eftir köldu vatni á mörgum stöðum á Miðnesi, á undanförnum árum. Á skaganum rennur ekki vatn á yfirborði til sjávar, nema í leysingum að vetrarlagi, þegar jarðvegur er frosinn. Fyrstu boranirnar munu hafa verið gerðar af brezka setuliðinu á styrjaldarárunum. Síðar munu Bandaríkjamenn einnig hafa borað eftir vatni þar. Árið 1945 höfu svo Jarðboranir ríkisins boranir þar syðra og hefur síðan verið borað þar öllu hverju á undan-

förnum árum. Holurnar skifta nú nokkrum tugum. Áður en farið var að bora þar syðra var notað við rigningarvatn af húspjókum eða brunnvatn, en það vatn var oft mjög misjafnt að gaðum og oft og tíðum hálfsalt og af þeim sökum illdrekandi. Boranirnar hafa yfirleitt heppnast vel og hafa borholurnar gefið mikið og gott vatn. Vatnið mun þó vera nokkuð hart, m.a. sezt lítils háttar ketilsteinn til í potta ág katla.

## V.

### Um jarðvatnsaðstæður á Miðnesi:

Eins og áður getur er megin hluti Miðness byggðour upp af grágrýtishraunlögum. Hraunlög þessi eru fremur þunn, en sama lagið er oft misjafnlegaþykkt, svo sem oft vill verða um hraun, oftast þó milli tveggja og tíu metra. Gleypni grágrýtisins er mjög mikil og hleypir það vel vatni í gegn hvort heldur er í lööréttu stefnu eða láréttu. Gleypni grágrýtisins stafar fyrst og fremst af ýmsum kólnunar fyrirþarum. Grágrýtið er mjög oft stuðlað. Stuðlunin, sem oftast er löörétt í hraunum greiðir mjög fyrir seytlu (löörétt hreyfing vats influent seepage) vatnsins gegnum bergrakasvæðið og reyndar líka innan jarðvatnssvæðisins. Grágrýtið er mjög blöðrótt einkum á þetta við um efra og neðra berð hraunlaganna. Á hraunlagamótum ber einnig mikið eða gjalli. Þen þetta hvordi tveggja ásamt alls konar öðrum glufum og rásum í grágrýtinu auðveldar mjög jarðvatnsstrauminn (í láréttu stefnu). Þó koma fyrir kaflar í hraunlögunum, sem virðast vera vatnsheldir. Þetta kemur oft í ljós við boranir. Það kemur sem sé fyrir, að jarðvatnið í borholu stígi ekki í þá jarðvatnsstöðu, sem síðar reynist vera hinn rétti jarðvatnsflötur, þótt borað hafi verið 1-2 m niður fyrir jarðvatnsflötinn, en um leið og komið er niður úr hinu þetta bergi stífur vatnið í holunni. Þetta á einkum við um miðbik hraunlaganna, enda er hún oft mjög þétt í sér.

Gleypni grágrýtisins er geysimikil og bendir það til þess eins og áður getur, að mikið sé um holrýni og glufur í bergeninu. Glufur þessar virðast yfirleitt vera svo stórar, að hárpípkrafts gæti lítið sem ekki og af því leiðir aftur, að núningsmótstaða í bergeninu er líftil og á því jarðvatnið greiða leið gegnum bergen. Við boranirnar hefur komið í ljós, að jarðvatnsflöturinn er mjög flatur. Sem dæmi skal tekinn þverskurðurinn á mynd 2. í Sandgerði er jarðvatnsflöturinn aðeins hærri en meðal sjávarhæð. Gastir þar flóðs og fjöru í borholunum. Á flóði heldur sjórinn við jarðvatnsstrauminn eða yfir ef til vill einhverju af jarðvatnинu til baka. Um fjöru streymir síðan jarðvatnið óhindrað til sjávar. Þessi sjávarfallamismunur getur numið allt að einum metra. Með því að mæla mismun þennan, metti ef til vill mæla jarðvatnsrennsli (magnið). Hinu megin á skaganum, í Leiru og Garði, er sömu sögu að segja. Í þverskurðinum gefur líka að líta borholu á næri hiðum skaga í svonefndum Sandgerðis-kampi varnarliðsins. Holan mun vera í 32-33 m y.s. Jarðvatnsstaðan er þar 30 m. Jarðvatnsflöturinn er því aðeins 2-3 m y.s. og

má með sanni segja, að jarövatnshæðin sé lægri en búast hefði mátt við. Skýringar á þessari lágu jarövatnshæð er einmitt að leita í hinni miklu gleypni grágrytisins og eins í því, að hvorki koma fyrir gangar eða misgengi, sem áhrif gatú haft á jarövatnsflötinn, nema ef molabergið í Hólmsbergi næði langt inn undir grágrytið á skaganum, sem þó er órannsakað mál enn.

Það var árið 1904, að Þjóðverjinn Herzberg, sem unnið hafði að jarövatnsrannsóknunum á frísneshu eyjunum, kom fram með kennningar um stöðu jarövatns á eyjum uppbyggðum úr lausum jaröögum (foksandi). Reynslan hefir sýnt, að kennningar þessar eiga ekki eingöngu við um sandeyjar heldur líka um eyjar og strandlengjur, sem byggðar eru upp úr örum gleypnum jaröögum, hvort heldur er um að ræða gleypit gosberg eða annað. Rannsóknir Hollendinga f Hollandi og í Indonesíu og eins rannsóknir Bandaríkjamanna á Hawaii-eyjum hafa staðfest gildi kenninga Herzbergs.

Jarövatnslinsa (poki) flyttur á söltu vatni, sjó. Eðlisþyngd sjávar (selta 35%) er 1,024. Út frá jöfnum þeim, sem Herzberg setti fram, er þykkt jarövatnslinsunnar h.u.b. 42 sinnum jarövatnshæðin yfir sjávarfleti.

Í Miónesi stti því jarövatnslinsan að vera 80-120 m. þykk, þar sem hún er þykkust, ef jarövatnsstaðan eins og hún kemur fram í bordagbókunum er rétt, því að lifta má á skagann sem eyju, a.m.k. jaröfremóilega séð.

Það má því segja, að jarövatnsaðstæður á Miónesi séu góðar og vatnsmagn mikil. Ímis vandamál, sem koma fyrir viða erlendis í sambandi við boranir, svo sem laskkun jarövatnsflatar, en hún kemur fram við of mikla dælingu úr einstökum holum og burrukun nærliggjandi hola, ásamt málaverlum sttu ekki að koma fyrir. Það skiftir litlu málí t.d. þótt holurnar séu misdjúpar á hinum einstöku sveðum, því að jarövatnsrennslið virðist vera mikil, þótt jarövatnsflöturinn sé flatur. Eina hættan er steðjað gæti að, er sú, að væri dælt mjög miklu magni úr einhverri holunni gæti jarövatnsflöturinn dregið niður að sjávarfleti, en þá myndi salt vatn komast í holuna neðan frá og kassi það holueigandanum í koll, ef hann raskaði jafnvagi jarövatnsins þannig, vitandi um afleiðingar gerða sinna. Þar holur, sem mest vatn gefa, eru að öllum líkendum út við ströndina, en þar er jarövatnsrennslið hraðast, þar eð halli jarövatnsflatarins er meiri þar en inn á skaganum, en þar mun það vera nær alveg flatt, eins konar jarövatnstöðuvatn. Þá ber að varast að bora of nálagt sjó, því að illa sprungin klöpp eða laus millilög gætu veitt sjó inn í holuna eins og á sumum stöðum virðist hafa komið fyrir. Einnig er hætta á því mjög nærrí sjó, að borholan fari í gegnum jarövatnslinsuna, sem ekki er mjög þykk þar, ef djúpt væri borað, og kassi þá upp salt vatn eða sjór af þeirri áðstaðu.

Við boranir, sem gerðar verða í framtíðinni, eftir köldu vatni, eru nauðsynlegt að mæla nákvæmlega eftirfarandi: Hæð holustaðisins yfir sjó og jarðvatnsstöðuna, p.e. dýptina niður á jarðvatnið. Ef sjávarfalla gætti í holunni, þá hversu mikill sá haðarmismunur er og hversu löngum tíma á eftir flóði eða fjöru hann kemur í ljós. Þá mætti ef til vill mæla vatnsrennslíð í holuna með dælingu. Góð staðarákvörðun er líka mikils virði.

VI.

Sá sem þetta ritar, staffaði sem "praktikant" hjá Jarðborunum ríkisins um 1 1/2 mánaðar skeið vorið 1957 (marz-apríl). Var ég við þar boranir, sem gerðar voru á tímabilinu, og fylgdist með hvernig unnið er við slíkar vatnsboranir. Einnig fór ég gegnum bordagabækur síðustu 10 ára og skrifaoi upp það helzta, sem þar var að finna. Greinargerð þessi hefur einungis inni að halda niðurstöður, sem byggðar eru á of litlu efni, enda unnið á skömmum tíma. Þegar tímar lífða munu nánari rannsóknir því sýna, að margt er hér í sambandi við jarðvatnið, sem þarfnað nánari athugana.

Helztu heimildarrit:


Guðmundur Kjartansson: Fróðlegar jökulrákir.  
Náttúrufræðingurinn, 25. ár, 1956  
3. hefti  
Toleman: Ground Water, New York, 1937

Dýpt og jarðvatnsstaða í nokkrum borholum á Miðnesi:

	jarðvatns- staða m	holudýpt m
<u>Garður</u>		
Urðarfell ('56)	7	20
Garðhús ('56)	5	25
Varir ('56)	3-4	22
<u>Leira</u>		
Stórhólmi ('56)	8-9	27
<u>Keflavík</u>		
Vörublastöð ('56)	9-10	15
Keflavíkurberg ('53)	23	32
Fiskiöjan s.f. ('55)	8-9	23
<u>Miðneshreppur</u>		
Miðkot ('55)	3	14
Bújarsker ('55)	4-5	15
Fuglavík ('55)	2,6	12
<u>Keflavíkurflugvöllur</u>		
Hola II	31,7	36,8
Hola III	30,4	37,2
Hola IV	48	42
Sandgerðiskampur	30	40

	Jarðvatnsstaða	holudýpt
<u>Sandgerði</u>		
Miðnes h.f. (56)	2-3	23,5
Garður h.f.	2-3	16

Reykjavík, 2. maí 1957



Midnes, uppdrottur. M. 1:100 000

skr. Kjell

RAFORKUMÁLASTJÓRI

Miðnes; þverskurður, skema.

10/5 '57 IJ/16  
Tr. 2  
J - Miðnes  
Fr. 3779

